



Kennarar:	Eyrún B. Magnúsdóttir – eyrun@fsu.is , Helgi Hermannsson – hmm@fsu.is
-----------	---

Áfangalýsing:

Félagsfræðiáfangi sem byggir á fyrra námi nemenda í grunnskóla og einnig nýtist FÉLA1SA05 í FSu. Lögð er áhersla á að kynna nemendum félagsfræði og önnur félagsvísindi sem fræðigreinar. Meginmarkmið áfangans er að nemendur átti sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á þá og hvernig þeir geta haft áhrif á samfélagið. Lögð er áhersla á að nemendur skilji umhverfi sitt og verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu og mynda sér skoðun á meðvitaðan og gagnrýninn hátt.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Viðfangsefnum og hugtökum félagsfræðinnar sem tengjast námsefninu, t.d. kenningum og félagsfræðilegu sjónarhorni.
- helstu aðferðum félagsfræðinnar við rannsóknir.
- tengdum greinum eins og mannfræði, sálfræði, sagnfræði, þjóðfélagsfræði og stjórnmálafræði.
- þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans, til dæmis: fjölskyldan, trúarbrögð, efnahagskerfið, stjórnkerfi, fjölmiðlar og samfélagsmiðlar.
- hvernig hann getur haft áhrif á félagslegar stofnanir.
- hvað félagsmótun er og dæmi um hvernig hún virkar.
- réttindum og skyldum hans gagnvart samfélaginu.
- hugtakinu félagsleg sjálfbærni.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt.
- afla fjölbreyttra gagna.
- vinnu með gögn og skila frá sér á skýrslum og verkefnum á vel uppsettu formi, t.d. í Word.
- vinna sjálfstætt og gagnrýnið með efni áfangans.
- lesa og skilja umfjöllun um félagsfræðileg málefni.
- nýta samfélagsmiðla á ábyrgan hátt.
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra.
- geta tjá sig í ræðu og riti um samfélagsleg málefni.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun.
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær.
- nota „Netið“ til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni.
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál.
- geta sett sig í spor annarra.
- beita félagsfræðilegri sýn á samfélagið.
- vinna verkefni í Word og skila af sér með rétt uppsettum hætti, þ.e. með blaðsíðutali, efnisyfirliti og heimildaskrá.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
33.-35.	18. – 31. ágúst	- Námsáætlun áfangans kynnt - Upphaf og rannsóknaraðferðir - Merkilegt upphafsfolk	Verkefni 1 Hópverkefni
35.-37.	1. – 14. sept	- Skoðanakönnun	Verkefni 2 Hópverkefni
37.-39.	15. – 28. sept	- Menning og félagsmótun - Æviskeiðin og fjölskyldan	Verkefni 3 Hópverkefni
39.-40.	29. sept – 5. okt	- Kynlegi kaflinn og hinsegin heimur	Verkefni 4 Einstaklingsverk.
40.-42	6. – 19 okt	- Samfélög og umhverfið - Trúarbrögð	Verkefni 5 Hópverkefni
41	13. – 14. okt	- Haustfrí	
42.-43.	20. – 26. okt	- Kynþættir og fordómar - Innflytjendur og flóttafolk	Verkefni 6 Einstaklingsverk.
43.-45.	27. okt – 9. nóv	- Lagskipting og ójöfnuður - Líkami og heilsa - Stafræn bylting	Verkefni 7 Hópverkefni
45. - 48	10. – 30. nóv	- Menntun og vinnumarkaður - Stjórnmal - Upprifjun/könnun	Verkefni 8 Einstaklingsverk.
48.-49.	1. – 6. des	- Skrapvika	Vinna upp verkefni ef þarf

Sérreglur áfangans:

Skilaskylda á verkefnum er 90%. Hægt er að semja um sérstök skil ef rík ástæða er fyrir því að skilafresti var ekki náð. Ekki er ætlast til að snjalltæki séu notuð til afþreyinga og **þannað er að taka upp hljóð og mynd í stofunni** nema með leyfi. Ef snjalltæki eru notuð öðruvísi en með samþykki kennara getur það þýtt F fyrir kennslustundina.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hópverkefni	5 hópverkefni yfir önnina	50%
Einstaklingsverkefni	3 einstaklingsverkefni yfir önnina	30%
Könnun	Könnun undir lok annar (nóv) sem nemendur taka þátt í að búa til.	10%
Ástundun og ábyrgð	Virkni, áhugi, mæting og ábyrgð á eigin námi	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Eyrún B. Magnúsdóttir, Helgi Hermannsson FSu 16.8.2022